

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/39/EB

frá 23. maí 2001

um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/82/EB⁽²⁾, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/82/EB, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/82/EB, einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/21/EB⁽⁶⁾, einkum f-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nýju virku efnin, asímsúlfúron og próhexadíonkalsíum, voru skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE með tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 1999/80/EB⁽⁷⁾ og 2000/50/EB⁽⁸⁾, hið fyrra til notkunar sem illgresiseyðir í hrísgrjónaræktun fyrir spírur og það síðara sem vaxtarstýriefni.
- 2) Efnin voru skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og grundvallaðist skráningin á mati á upplýsingunum sem lagðar voru fram varðandi tilætlaða notkun.
- 3) Áður en efnin voru skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE hafði notkun þeirra verið leyfð til bráðabirgða í tilteknum aðildarríkjum í samræmi við 1. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar. Eftir skráningu efnanna í I. viðauka leyfðu þessi aðildarríki nokkur plöntuvarnarefni, sem innihalda þau, í samræmi við

4. gr. tilskipunarinnar og ákváðu bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa eins og krafist er í f-lið 1. mgr. 4. gr. Þessi gildi og upplýsingarnar, sem þau byggjast á, hafa verið tilkynnt framkvæmdastjórninni eins og krafa er gerð um í tilskipuninni. Þessar upplýsingar, ásamt fyrirliggjandi gögnum af öðrum toga, hafa verið endurskoðaðar og nægja til þess að ákvarða megi leyfilegt hámarks magn leifa. Séu engin ákvæði í gildi um leyfilegt hámarks magn leifa eða um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa á vettvangi bandalagsins skulu aðildarríkin fastsetja innlend bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar áður en til leyfisveitingar kemur. Með tilliti til 5. gr. tilskipunar 86/363/EBE gildir þetta einnig um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa í dýraafurðum ef þess er að vænta að vörur, sem í eru leifar virks efnis, verði notaðar sem fóður.

- 4) Þegar asímsúlfúron og próhexadíonkalsíum voru skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE var tæknilegu og vísindalegu mati á asímsúlfúroni og próhexadíonkalsíum lokið 2. júlí 1999 með endurmatsskýrslum framkvæmdastjórnarinnar um asímsúlfúron og próhexadíonkalsíum. Í þessum endurmatsskýrslum var viðtekinn dagskammtur fyrir asímsúlfúron ákvarðaður 0,1 mg/kg líkamsþyngdar á dag og fyrir próhexadíonkalsíum 0,2 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Ævilöng váhrif á neytendur matvæla, sem eru meðhöndluð með asímsúlfúroni og próhexadíonkalsíum, hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem farið er eftir innan Evrópubandalagsins með tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin⁽⁹⁾ og vísindanefndin um plöntur⁽¹⁰⁾ hafa gefið út um þessa aðferðafræði. Það hefur verið reiknað út að leyfilegt hámarks magn leifa, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, hafi ekki í för með sér að farið sé yfir þann viðtekna dagskammt sem að framan greinir.
- 5) Við matið og þá umfjöllun, sem fór fram áður en kom til skráningar asímsúlfúrons og próhexadíonkalsíums í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, varð ekki vart bráðra eiturhrifa sem kölluðu á að fastsettur yrði viðmiðunarskammtur fyrir bráða eitrun.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 3, 6.1.2001, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 350, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 69, 10.3.2001, bls. 17.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 210, 10.8.1999, bls. 13.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 198, 4.8.2000, bls. 39.

⁽⁹⁾ Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfiseftirlitsins (GEMS/Food Programme), í samráði við Codex-nefndina um varnarefnaleifar, gefnar út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

⁽¹⁰⁾ Álit vísindanefndarinnar um plöntur varðandi spurningar um að breyta viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE (Álit vísindanefndarinnar um plöntur, gefið 14. júlí 1998) (http://europa.eu.int/comm/dg24/health/sc/sep/out21_en.html).

- 6) Til að tryggja að neytandinn fái nægilega vernd gegn váhrifum af völdum leifa í eða á afurðum sem hafa ekki verið samþykktar skal í varúðarskyni setja bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa sem miðast við neðri greiningarmörk fyrir allar afurðir sem ákvæði tilskipana 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE gilda um. Setning slíkra bráðabirgðagilda fyrir leyfilegt hámarks magn leifa á vettvangi bandalagsins kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin ákvarði bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir asímsúlfúron og próhexadíonkalsíum í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE og VI. viðauka við þá tilskipun. Talið er að fjögur ár nægi til þess að taka megi ákvörðun um flest önnur frekari not asímsúlfúrons og próhexadíonkalsíums. Að þeim tíma liðnum skulu þessi bráðabirgðagildi um leyfilegt hámarks magn leifa verða endanleg.
- 7) Alþjóðaviðskiptastofnuninni var tilkynnt um þessar ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun og athugasemdirnar, sem bárust, voru teknar til skoðunar. Framkvæmdastjórnin mun kanna hvort unnt sé að setja vikmörk fyrir leyfilegt hámarks magn leifa tiltekinnar samsetninga varnarefna og plantna, þegar um innflutning er að ræða, á grundvelli fullnægjandi, framlagðra gagna.
- 8) Tekið er tillit til álits vísindanefndarinnar um plöntur, einkum ráðlegginga og tilmæla um vernd þeirra sem neyta matvæla sem hafa verið meðhöndluð með varnarefnum.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarks magn (mg/kg)
Asímsúlfúron	0,02 (*) ^(P) Kornvörur
Próhexadíon (próhexadíon og sölt þess, gefið upp sem próhexadíon)	0,2 ^(P) Hveiti og bygg 0,05 ^(P) (*) Aðrar kornvörur

(*) Sýnir neðri greiningarmörk.

^(P) Sýnir bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa sem fastsett voru í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE: lítið skal á öll bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir þessar varnarefnaleifar sem endanleg í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar sem tekur gildi fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í B-hluta II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarks magn (mg/kg)		
	Í kjöti, þar með talinni fitu, unnum kjötvörum, innmat og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602	Í mjólk og mjólkurvörum sem skráðar eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406	Í skurnlausum, nýjum eggjum, fuglseggjum og eggjarauðum sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408
Próhexadíon (próhexadíon og sölt þess, gefið upp sem próhexadíon)	0,05 ^(P) (*)	0,01 ^(P) (*)	0,05 ^(P) (*)

(*) Sýnir neðri greiningarmörk.

^(P) Sýnir bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa sem fastsett voru í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE: lítið skal á öll bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir þessar varnarefnaleifar sem endanleg í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar sem tekur gildi fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar.

3. gr.

Dálkarnir með yfirskriftunum „Asímsúlfúron“ og „Próhexadíon (próhexadíon og sölt þess, gefið upp sem próhexadíon)“, sem settir eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, bætast við í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 2002.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. maí 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)	
	Asímsúlfúron	Próhexadíon (próhexadíon og sölt þess, gefið upp sem próhexadíon)
1. Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frýstingu án viðbættis sykurs; hnetur	0,02 ^(P) (*)	0,05 ^(P) (*)
i) SÍTRUSÁVEXTIR		
Greipaldin		
Sítrónur		
Súraldin (límónur)		
Mandarínur (þar með taldar klementínur og aðrir blendingar)		
Appelsínur		
Pómelónur		
Annað		
ii) TRJÁHNETUR (í skurn eða án hennar)		
Möndlur		
Parahnetur		
Kasúhnetur		
Kastaníuhnetur		
Kókoshnetur		
Heslihnetur		
Goðahnetur (makadamíahnetur)		
Pekanhnetur		
Furuhnetur		
Pistasíuhnetur		
Valhnetur		
Annað		
iii) KJARNÁÁVEXTIR		
Epli		
Perur		
Kveði		
Annað		
iv) STEINALDIN		
Apríkósur		
Kirsiber		
Ferskjur (þar með taldar nektarínur og áþekkir blendingar)		
Plómur		
Annað		
v) BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN		
a) Vínber og þrúgur		
Vínber		
Þrúgur		
b) Jarðarber (önnur en villt)		

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)	
	Asímsúlfúron	Próhexadíon (próhexadíon og sölt þess, gefið upp sem próhexadíon)
c) Klungurber (önnur en villt) Brómber Daggarber (elgsber) Logaber Hindber Annað d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt) Aðalbláber Trönuber Rífsber (rauð og hvít) og sólber Stíkilsber Annað e) Villt ber og aldin vi) ÝMISS KONAR ALDIN Lárperur Bananar Döðlur Fíkjur Kíví Dvergappelsínur Litkaber Mangó Ólífur Píslaraldin Ananas Granatepli Annað		
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað	0,02 ^(P) (*)	0,05 ^(P) (*)
i) RÓTARÁVEXTIR OG HNYÐI Rauðrófur Gulrætur Hnúðsilla Piparrót Ætíffill Nípur Seljurót Hreðkur Hafursrót Sætuhnúðar Gulrófur Næpur Kínakartöflur Annað		

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)	
	Asímsúlfúron	Próhexadíon (próhexadíon og sölt þess, gefið upp sem próhexadíon)
ii) LAUKAR Hvítlaukur Laukur Skalottlaukur Vorlaukur Annað iii) ALDINGRÆNMETI a) Náttskuggætt Tómatar Paprikur Eggaldín Annað b) Graskersætt — með ætu hýði Gúrkur Smágúrkur Dvergbítar Annað c) Graskersætt — með óætu hýði Melónur Grasker Vatnsmelónur Annað d) Sykurmaís iv) KÁL a) Blómstrandi kál Spergilkál Blómkál Annað b) Kálhöfuð Rósakál Höfuðkál Annað c) Blaðkál Kínakál Grækakál Annað d) Hnúðkál v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR a) Salat og álíka Karsi Lambasalat Salat Vetrarsalat Annað		

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)	
	Asímsúlfúron	Próhexadíon (próhexadíon og sölt þess, gefið upp sem próhexadíon)
b) Spínat og álíka Spínat Strandblaðka Annað		
c) Brunnperla		
d) Jólasalat		
e) Kryddjurtir Kerfill Graslaukur Steinselja Blaðsellerí Annað		
vi) BELGÁVEXTIR (ferskir) Baunir (með fræbelg) Baunir (án fræbelgs) Ertur (með fræbelg) Ertur (án fræbelgs) Annað		
vii) STÖNGULGRÆNMETI (ferskt) Spergill Salatþistill Sellerí Fennika Ætiþistill Blaðlaukur Rabarbari Annað		
viii) SVEPPIR a) Ræktaðir ætisveppir b) Villtir ætisveppir		
3. Belgávextir Baunir Linsubaunir Ertur Annað	0,02 ^(P) (*)	0,05 ^(P) (*)
4. Olíufræ Hörfræ Jarðhnetur Valmúufræ Sesamfræ Sólblómafræ Repjufræ Sojabaunir Mustarðskorn Baðmullarfræ Annað	0,1 ^(P) (*)	0,1 ^(P) (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)	
	Asímsúlfúron	Próhexadíón (próhexadíón og sölt þess, gefið upp sem próhexadíón)
5. Kartöflur Sumarkartöflur Kartöflur af haustuppskeru	0,02 ^(P) (*)	0,05 ^(P) (*)
6. Te (þurrkuð lauf og stilkir, einnig gerjað, úr laufi <i>Camellia sinensis</i>)	0,1 ^(P) (*)	0,1 ^(P) (*)
7. Humlar (þurrkaðir), þar með taldir humlaköggjar og óþykkjað duft	0,1 ^(P) (*)	0,1 ^(P) (*)

(*) Sýnir neðri mörk greiningarákvörðunar.

(^P) Sýnir bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa sem fastsett voru í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE: lítið skal á öll bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir þessar varnarefnaleifar sem endanleg í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar sem tekur gildi fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar.